

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 80/2001 um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti.

1. gr.

2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Upplýsingum um breytingar á skrá Fasteignamats ríkisins, sbr. 1. mgr., skal skilað á eyðublöðum sem Jöfnunarsjóður lætur sveitarfélögum í té. Á þeim skal tilgreina eftirfarandi atriði:

- a. fasteignir sem undanþegnar eru álagningu fasteignaskatts skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um fasteignaskatt, nr. 945/2000, eða ákvæðum sérlaga,
- b. ákvarðanir sveitarfélags um lækkun eða niðurfellingu álagðs fasteignaskatts vegna fasteigna sem falla undir 1.-4. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 945/2000,
- c. lækkun fasteignaskatts vegna samninga við stóriðjufyrirtæki,
- d. leiðréttingar sem sveitarfélög gera vegna fasteigna þar sem flokkun eða mat hefur breyst, svo sem í kjölfar endurmats eða úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar,
- e. beitingar mismunandi álagningarprósentu í sameinuðu sveitarfélagi, sbr. 5. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 945/2000,
- f. endanlega niðurstöðu álagningar vegna fasteigna þar sem nýting er með þeim hætti að ákvæði 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 6. gr. eða 8. gr. reglugerðar nr. 945/2000 eiga við.

2. gr.

Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða til sveitarfélaga á árinu 2002 framlag fyrirfram sem nemur 60% af áætluðu framlagi, miðað við framlag á fjárlögum þess árs.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 25. janúar 2002.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.